



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík 04.05.18

Umsög Landverndar um frumvarp til laga um Ferðamálastofu. Mál 485.

Landvernd fagnar endurskoðun laga um skipan ferðamála enda löngu tímabær í ljósi gríðarlegrar fjölgunar ferðamanna til landsins og eflingar ferðaþjónustunnar sem er orðin helsti undirstöðuáttvinnuvegur þjóðarinnar.

Landvernd tekur undir nauðsyn þess að auka kröfur til ferðaþjónustuaðila.

Í frumvarpinu er lögð áhersla á kröfur um öryggisatriði og öryggisáætlanir og það er vel. Landvernd telur þó ekki síður nauðsynlegt að auka kröfur um fagþekkingu og gæði leiðsagnar og fræðslu um umgengni við íslenska náttúru, t.d. að ferðaþjónustuaðilar skuli hafa lokið sérstöku námskeiði, landvarðanámskeiði, leiðsögumannanámi, eða sambærilegu. Í öllu falli ætti að skylda ferðaþjónustuaðila til að leggja fram fræðslu-/leiðsagnaráætlanir þar sem fram komi hvernig þeir hyggjast tryggja ferðamönnum réttar og nauðsynlegar upplýsingar svo þeir geti umgengist land og þjóð af meiri ábyrgð.

f.h. stjórnar Landverndar
Virðingafyllst,

Auður Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri